

Menntagildi námsgreinar:

Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: *Saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði.*

Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýnninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður.

Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt:

1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda.
2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmynd til að víkka út hugarheim nemenda.
3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Að nemendur tileinki sér réttsýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki:

Sögukenndsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma. Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum.

Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt. Lífsleikni svarar spurningum hvað varðar reynsluheim, hugarheim og félagsheim nemenda.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum eru þrískipt:

1. Reynsluheimur m.a. : Saga Íslands, saga heimsins, jörðin, fjölmennning, náttúruskilyrði og náttúruferla, kortalæsi, sjálfbærni og auðlindir.
2. Hugarheimur m.a.: Jafnrétti, menntun, framsýni, tilfinninganæmi, sköpun, tjáning og gagnrýnin hugsun.
3. Félagsheimur m.a.: Umburðarlyndi, samfélagsreglur, mannréttindi, tjáning, samræða, miðlun og sköpun.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Reynsluheimur	Nemandi getur: • borið kennsl á gildi s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi, • lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga, • aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum, • áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra • velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika, • sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúabragða, einkum í nærsamfélaginu, • áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu, • velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni, • áttað sig á trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum • bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu	• Samlestur og umræður. • Skapandi vinna, þemaverkefni og hópastarf. • Nemendur kynna verkefni sem þau vinna fyrir bekknum. • Bekkjarfundir. • Inni- og útileikir. • Uppbyggingarstefnan.
Hugarheimur	• gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans, • Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. • Sett sig í spor annarra. • Sett sér einföld markmið og unnið að þeim.	• Samlestur og umræður. • Skapandi vinna, þemaverkefni og hópastarf. • Nemendur kynna verkefni sem þau vinna fyrir bekknum. • Bekkjarfundir. • Uppbyggingarstefnan.
Félagsheimur	• tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi • áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum, hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir • rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni • sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,	• Samlestur og umræður. • Skapandi vinna, þemaverkefni og hópastarf. • Nemendur kynna verkefni sem þau vinna fyrir bekknum. • Bekkjarfundir. • Inni- og útileikir. • Uppbyggingarstefnan.

	• áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna, sýnt fram á að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur, • sett sig inn í málefni nærsamfélagsins, • sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi,	
Námsgögn: • Trúarbrögðin okkar, • Könnun kortin 2 • Uppbyggingarstefnan • Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. • Ítarefni frá kennara Námsmat: Námsmat er byggt á símati á þeim verkefnum sem unnin eru í samfélagsfræði. Merkt er reglulega inn á hæfnikort nemenda í Mentor.		